

Föstudaginn 3. júní 1988.

Nr. 340/1987. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Sverri Róbert Guðmundssyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Tékkasvik. Hylming. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Hrafn Bragason.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 11. nóvember 1987 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar. Dómkröfur ákærvaldsins fyrir Hæstarétti eru þær, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um sakkfellingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar í héraði, en refsing ákærða verði þyngd. Þá er krafist staðfestingar á ákvæði héraðsdóms um greiðslu bóta til Bifreiðaeftirlits ríkisins og Axels B. Svavarssonar. Loks er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Af hálfu verjanda er þess krafist, að ákærði hljóti vægustu refsingu, sem lög leyfa, og að refsing verði skilorðsbundin. Þá er krafist málsvarnarlauna úr ríkissjóði.

Fyrir Hæstarétti hefur ákærvaldið fallið frá skaðabótakröfu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis vegna vanreifunar þeirrar kröfu svo og skaðabótakröfu Adams A. Hani. Af ákærða hálfu er fallist á aðrar skaðabótakröfur eins og þær liggja nú fyrir Hæstarétti. Það athugast, að ekki kemur fram, að héraðsdómari hafi gætt leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart ákærða um skaðabótakröfurnar, en ákærði hélt ekki uppi vörnum í héraði.

Í ákæruskjali er tékka nr. 2259745 (tékki nr. 25) ekki rétt lýst. Þar segir, að hann sé „að fjárhæð kr. 22.00.“ en á tékkanum sjálfum er fjárhæðin tilgreind í tölustöfum „kr. 2.200.“ og í bókstöfum „tvöþúsundkrónur 00/100“. Samkvæmt 9. gr. tékkalaga nr. 94/1933 telst tékkinn vera að fjárhæð 2.000,00 krónur.

Í ákæru er því lýst, að allir tékkarnir 47 að tölu hafi verið notaðir

í viðskiptum í mars og apríl 1987. Eins og tékkarnir bera með sér þá eru þeir allir gefnir út í apríl 1987 nema einn, sem gefinn er út 1. maí 1987. Þrátt fyrir þessa ónákvæmni í ákæru, er unnt að leggja dóm á málið með hliðsjón af ákvæðum 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta sakarmat hans og heimfærslu til refsíákvæða og ákvæði dómsins um greiðslu sakarkostnaðar.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dagsettu 24. f.m., hefur hann, eftir að hinn áfrýjaði dómur gekk, verið dæmdur í 2.000,00 króna sekt fyrir brot á umferðarlögum og hegningarauka, fjögurra mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Það var upplýst við málflutning fyrir Hæstarétti, að auk þess liggi fyrir óafgreiddar ákæru á hendur ákærða. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sverrir Róbert Guðmundsson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði greiði Bifreiðaeftirliti ríkisins 8.000,00 krónur ásamt 11% ársvöxtum frá 27. apríl 1987 til 1. maí s.á., 12% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní s.á., 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s.á., 14% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júlí s.á., 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11. september s.á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október s.á., 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1988, 23% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á. og 20% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá greiði ákærði Axel B. Svavarssyni, Miðvangi 10, Hafnarfirði, 5.360,00 krónur ásamt

sömu vöxtum og að ofan greinir frá 22. apríl 1987 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarn-
arlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnmundar
Backman hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. október 1987.

Ár 1987, þriðjudaginn 27. október er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni, settum sakadómará, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 601/1987: Ákærvaldið gegn Róbert Guðmundssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 9. september sl. á hendur ákærða, „Róbert Guðmundssyni, Bergþórugötu 41, Reykjavík, fæddum í Reykjavík 26. nóvember 1968, fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum:

1.

Fyrir tékkasvik með því að nota í viðskiptum í Reykjavík, nema annar staður sé tekinn fram, í mars og apríl 1987, svo sem rakið verður, eftirgreinda tékka sem hann gaf út til handhafa á reikning sinn nr. 9763 hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis án þess að eiga innstæðu fyrir þeim á reikningnum:

1) Tékki nr. 2255776, að fjárhæð kr. 950,00, dagsettur 09.04. 1987. Seldur á lögreglustöðinni í Reykjavík.

2) Tékki nr. 2259719, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 15.04. 1987. Notaður til fatakaupa í Vinnufatabúðinni, Laugavegi 76.

3) Tékki nr. 2259720, að fjárhæð kr. 1.200,00, dagsettur 15.04. 1987, framseldur af Sigríði Jóhannsdóttur, Bergþórugötu 41. Ákærði afhenti Sigríði tékkann til notkunar í viðskiptum.

4) Tékki nr. 2259721, að fjárhæð kr. 400,00, dagsettur 15.04. 1987. Notaður til kaupa á bensíni á einni af bensínstöðvum Olíufélagsins hf.

5) Tékki nr. 2259722, að fjárhæð kr. 2.000,00, dagsettur 15.04. 1987, framseldur af Einari Finnssyni. Notaður til greiðslu fyrir flutning á bifreið.

6) Tékki nr. 2259724, að fjárhæð kr. 500,00, dagsettur 15.04. 1987, með framsalsárituninni Skjöldur Eyfj., 8166-7950. Notaður til greiðslu fyrir leiguakstur.

- 7) Tékki nr. 2259725, að fjárhæð kr. 1.250,00, dagsettur 16.04. 1987. Notaður til greiðslu á veitingum í Næturgrollinu, Laugavegi 17.
- 8) Tékki nr. 2259726, að fjárhæð kr. 500,00, dagsettur 16.04. 1987. Notaður til kaupa á bensíni á einni af bensinstöðvum Olíufélagsins hf.
- 9) Tékki nr. 2259727, að fjárhæð kr. 500,00, dagsettur 16.04. 1987. Notaður til kaupa á veitingum í Bifreiðastöð Íslands við Hringbraut.
- 10) Tékki nr. 2259728, að fjárhæð kr. 200,00, dagsettur 16.04. 1987. Seldur í söluturninum Lukku-Láka.
- 11) Tékki nr. 2259729, að fjárhæð kr. 500,00, dagsettur 16.04. 1987. Notaður til kaupa á bensíni á Bifreiðastöð Reykjavíkur.
- 12) Tékki nr. 2259730, að fjárhæð kr. 2.000,00, dagsettur 17.04. 1987. Notaður til kaupa á veitingum á Næturgrollinu.
- 13) Tékki nr. 2259731, að fjárhæð kr. 1.200,00, dagsettur 18.04. 1987. Seldur í versluninni Stefánsblóm, Njálsgötu 65.
- 14) Tékki nr. 2259733, að fjárhæð kr. 500,00, dagsettur 18.04. 1987. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum, óvíst hvar.
- 15) Tékki nr. 2259734, að fjárhæð kr. 1.000,00, dagsettur 18.04. 1987. Notaður til kaupa á veitingum í Sundanesti sf.
- 16) Tékki nr. 2259735, að fjárhæð kr. 1.000,00, dagsettur 18.04. 1987. Notaður til kaupa á veitingum á veitingastofunni Tralla.
- 17) Tékki nr. 2259736, að fjárhæð kr. 1.000,00, dagsettur 18.04. 1987. Sama notkun.
- 18) Tékki nr. 2259737, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 18.04. 1987. Seldur á veitingastofunni Tralla.
- 19) Tékki nr. 2259738, að fjárhæð kr. 1.500,00, dagsettur 18.04. 1987. Notaður til kaupa á veitingum í Næturgrollinu.
- 20) Tékki nr. 2259739, að fjárhæð kr. 700,00, dagsettur 18.04. 1987. Notaður til kaupa á veitingum í Pizza-húsinu, Grensásvegi 10.
- 21) Tékki nr. 2259740, að fjárhæð kr. 700,00, dagsettur 19.04. 1987. Notaður til kaupa á veitingum í Næturgrollinu.
- 22) Tékki nr. 2259741, að fjárhæð kr. 200,00, dagsettur 19.04. 1987, framseldur af Karli Valgarðssyni, Flókagötu 13. Óvíst um notkun.
- 23) Tékki nr. 2259742, að fjárhæð kr. 600,00, dagsettur 19.04. 1987. Notaður til greiðslu fyrir leiguakstur.
- 24) Tékki nr. 2259743, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 19.04. 1987. Notaður til kaupa á veitingum í Næturgrollinu.
- 25) Tékki nr. 2259745, að fjárhæð kr. 2.200,00, dagsettur 20.04. 1987. Sama notkun.
- 26) Tékki nr. 2259746, að fjárhæð kr. 1.000,00, dagsettur 20.04. 1987. Notaður til kaupa á bensíni af einni af bensinstöðvum Skeljungs hf.

- 27) Tékki nr. 2259747, að fjárhæð kr. 500,00, dagsettur 19.04. 1987. Sama notkun.
- 28) Tékki nr. 2259749, að fjárhæð kr. 1.400,00, dagsettur 20.04. 1987. Notaður til vörukaupa á einni af bensinstöðvum Skeljungs hf.
- 29) Tékki nr. 2267202, að fjárhæð kr. 700,00, dagsettur 21.04. 1987. Óvist um notkun.
- 30) Tékki nr. 2267203, að fjárhæð kr. 500,00, dagsettur 22.04. 1987. Notaður til greiðslu fyrir leiguakstur.
- 31) Tékki nr. 2267204, að fjárhæð kr. 300,00, dagsettur 22.04. 1987. Sama notkun.
- 32) Tékki nr. 2267206, að fjárhæð kr. 690,00, dagsettur 22.04. 1987 með framsalsárituninni Jón Sigurðsson, Mávahlíð 2. Óvist um notkun.
- 33) Tékki nr. 2267209, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 22.04. 1987. Seldur á veitingastofunni Tralla.
- 34) Tékki nr. 2267210, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 22.04. 1987. Sama notkun.
- 35) Tékki nr. 2267211, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 22.04. 1987. Sama notkun.
- 36) Tékki nr. 2267212, að fjárhæð kr. 2.000,00, dagsettur 23.04. 1987. Sama notkun.
- 37) Tékki nr. 2267213, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 23.04. 1987. Sama notkun.
- 38) Tékki nr. 2267218, að fjárhæð kr. 500,00, dagsettur 23.04. 1987. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum, en óvist hvar.
- 39) Tékki nr. 2267219, að fjárhæð kr. 1.000,00, dagsettur 24.04. 1987. Notaður til bensinkaupa á einni af bensinstöðvum Oliufélagsins hf.
- 40) Tékki nr. 2267225, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 25.04. 1987 með framsalsstimpli Hrímeysjar sf. Notaður til kaupa á lottómiða.
- 41) Tékki nr. 2267216, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 27.04. 1987 með framsalsstimpli Hrímeysjar hf. Sama notkun.
- 42) Tékki nr. 2267217, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 27.04. 1987. Sama notkun.
- 43) Tékki nr. 2259723, að fjárhæð kr. 1.500,00, dagsettur 01.05. 1987, framseldur af Kjartani L. Sigurðssyni. Óvist um notkun.
- 44) Tékki nr. 2259744, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 19.04. 1987. Notaður til kaupa á veitingum í Næturgrellinu.
- 45) Tékki nr. 2267215, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 28.04. 1987 með framsalsárituninni Reynir Hilmarsson. Óvist um notkun.
- 46) Tékki nr. 2267220, að fjárhæð kr. 8.000,00, dagsettur 24.04. 1987. Ákærði notaði tékkann til greiðslu í Bifreiðaeftirliti ríkisins.
- 47) Tékki nr. 2259750, að fjárhæð kr. 5.000,00, dagsettur 20.04. 1987,

framseldur af Axel B. Svavarssyni, 0904-1188. Ákærði greiddi nefndum Axel með tékkanum vegna kaupa á bifreið.

Telst framangreind háttsemi ákærða varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2.

Fyrir hylmingu með því að hafa, aðfaranótt föstudagsins 19. desember 1986, þegið hjá Arnbirni Helga Svavarssyni, Faxastíg 43, Vestmannaeyjum, 5.000,00 krónur, sem ákærði vissi að Arnbjörn Helgi hafði stolið stuttu áður sömu nótt.

Telst þetta varða við 254. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu:

I.

Þann 13. mars sl. stofnaði ákærði tékkareikning nr. 9763 við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis. Þann 27. apríl sl. var reikningi ákærða lokað, enda höfðu þá borist fjölmargir tékkar sem ekki reyndist innistæða fyrir.

Hefur ákærði við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa gefið út í mars og apríl 1987 samtals 47 tékka og er samanlögð fjárhæð þeirra 79.690,00 krónur enda þótt ákærði ætti ekki innistæðu í bankanum. Er öllum tékkunum rétt lýst í ákæruskjali svo og notkun þeirra.

Með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins telst sannað, að hann hafi gerst sekur um brot það, sem hann er ákærður fyrir í þessum lið ákæru. Varðar brot hans við 248. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Aðfaranótt föstudagsins 19. desember sl. tók Arnbjörn Helgi Sævarsson, Faxastíg 43, Vestmannaeyjum, ófrjálsri hendi veski í húsi við Grettisgötu. Arnbjörn fór síðan í bifreið, sem ákærði og Benedikt Már Brynjólfsson voru í og óku þeir Arnbirni að beiðni hans í Skerjafjörð, þar sem Arnbjörn henti veskinu í sjóinn. Áður hafði Arnbjörn tekið 45.000,00 krónur úr veskinu og tjáði hann ákærða og Benedikt hvað hefði gerst og lét þá fá sinn hvorn 5.000,00 króna seðilinn.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt ofangreinda hylmingu, er varðar hann refsingu samkvæmt 254. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum: 1984 5/11 í Reykjavík. Sátt: 4.000,00 kr. sekt f. brot g. 244. gr. hgl.

- 1985 28/11 í Reykjavík. Dómur: 5 mán. fangelsi skb. 3 ár f. brot g. 155. gr., 244. gr. og 248. gr. hgl.
- 1987 8/4 í Reykjavík. Sátt: 10.000,00 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.
- 1987 8/4 í Reykjavík. Dómur: 6 mán. fangelsi skb. 2 ár f. brot g. 244. gr. alm. hgl. Dómur frá 28/11 1985 dæmdur með. Sýknaður af ákæru um brot g. 1. mgr. 218. gr. hgl.

Með brotum sínum hefur ákærði rofið skilorð frá 8. apríl sl. Ber nú samkvæmt reglum 60. gr. almennra hegningarlaga að taka það mál upp og dæma með þessu. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.

Eftirtaldir hafa lagt fram skaðabótakröfu í málinu:

1. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis kr. 66.477,20 auk vaxta og kostnaðar.
2. Bifreiðaeftirlit ríkisins kr. 8.000,00 auk vaxta.
3. Axel B. Svavarsson, Miðvangi 10, Hafnarfirði, kr. 5.360,00 auk vaxta og kostnaðar vegna lögfræðiaðstoðar.
4. Adam A. Hani kr. 46.880,00 án vaxtakröfu.

Ofangreindar skaðabótakröfur, sem ákærði hefur samþykkt, verða teknar til greina. Af 1. lið skulu reiknast almennir vextir frá 30. apríl 1987 til greiðsludags, af 2. lið reiknast almennir vextir frá 27. apríl 1987 til greiðsludags, af 3. lið skulu reiknast almennir vextir frá 22. apríl 1987 til greiðsludags, en lögfræðikostnaður dæmist ekki, þar sem krafan er höfð uppi í opinberu máli.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Róbert Guðmundsson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði greiði Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis kr. 66.477,20 ásamt almennum vöxtum frá 30. apríl 1987 til greiðsludags, Bifreiðaeftirliti ríkisins kr. 8.000,00 ásamt almennum vöxtum frá 27. apríl 1987 til greiðsludags, Axel B. Svavarssyni, Miðvangi 10, Hafnarfirði, kr. 5.360,00 ásamt almennum vöxtum frá 22. apríl 1987 til greiðsludags og Adam A. Hani kr. 46.880,00.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.